

**Starf***Fagstjóri lífsleikni***Næsti yfirmaður***Skólameistari***Faglegur yfirmaður***Sviðsstjóri stúdentsprófsbrauta***Starfshlutfall***60 klukkustundir á önn.***Svið***Nám til stúdentsprófs***Tilgangur og markmið starfs**

Hafa umsjón með námi í lífsleikni. Fagstjóri stýrir samstarfi kennara í þeim tilgangi að samræma kennslu og námsmat í faginu. Fylgist með og sér til þess að kennsla og námsefni uppfylli kröfur íslenskra laga og reglugerða sem og námskrár þeirra brauta sem kenndar eru við skólann.

Fagstjóri ber ábyrgð á að verkefni hans verði framkvæmd af faglegum metnaði. Hann skal vinna verk sín af trúmennsku og í góðu samstarfi við stjórnendur og samstarfsfólk. Hann skal sjá um að verkefnin séu vel af hendi leyst og séu í samræmi við stefnu skólans, gæðakerfi hans og lög og reglugerðir ásamt öðrum reglum sem skólinn setur sér og starfsmönnum sínum.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Leiðir faglegt starf og vinnur að nýjum áfanga- og brautarlýsingum innan faggreina í samvinnu við kennara og stjórnendur.
- Stýrir undirbúningi kennslu og ber ábyrgð á að námsáætlanir og kennsla séu í samræmi við áfangalýsingar og gæða- og námsmarkmiði.
- Tekur þátt í undirbúningi á þeim viðburðum sem skipulagðir eru fyrir nýnema t.d. móttöku nýrra nemenda í upphafi annar og nýnemaferð.
- Leggur fram óskir um innkaup sem tengjast faggreinum.
- Sér til þess að sérstofur er tengjast faggreinum séu búnar viðeigandi kennslubúnaði og undirbýr þær fyrir kennslu í samvinnu við kennara.
- Skipuleggur samstarf kennara um kennslu og námsmat og rýnir stærsta námsmatsþátt áfanga. Fer yfir og skilar áfangaskýrslum áfanga á sínu ábyrgðarsviði.
- Undirbýr, boðar til og situr reglulega fundi með kennurum í faggreinum og fylgir eftir ákvörðunum funda Sér um að fundargerð fagfunda sé skrifuð og send til skrifstofu skólans til skjölunar ásamt afriti til skólameistara og aðstoðarskólameistara.
- Uppfærir bókalista fyrir faggreinar og kemur ásamt áætluðum nemendafjölda á framfæri við forstöðumann bókasafns.
- Er þátttakandi í kynningarstarfi skólans og aðstoðar við skipulagningu kynninga.
- Skipuleggur aðkomu skólans vegna nemakeppna og viðburða með nemendum utan skólans í samráði við stjórnendur og aðra kennara í faggreinum. Er tengiliður vegna þeirra nemakeppna sem nemendur taka þátt í.

Fagstjóri lífsleikni



Verkmenntaskólinn á Akureyri

- Vinnur með verkefnisstjóra erlendra samskipta að tengslum faggreina við samstarfsaðila erlendis.
- Heldur góðum tengslum við atvinnulífið og aðrar mennta- og menningarstofnanir.
- Leiðbeinir nýjum kennurum innan fagsins.
- Tekur þátt í gerð markmiðsáætlana fyrir VMA og ber ábyrgð á að þeim verði framfylgt gagnvart sínu sérsviði.
- Hefur forgöngu um og tekur þátt í skipulagningu þverfaglegra verkefna innan skólans sem tengjast faggreinum.
- Er skólameistara til ráðuneytis um starfsmannaráðningar og gerir tillögur um þjálfun og fræðslu starfsmanna.
- Annast önnur verkefni sem honum eru falin og samkomulag er um.
- Ber ábyrgð á því að vinna eftir gildum og einkunnarorðum skólans.

Menntun, reynsla og hæfni

Fagstjóri skal hafa háskólamenntun og kennsluréttindi. Viðkomandi þarf að hafa góða færni í íslensku, bæði í ræðu og riti. Gerð er krafa um góða almenna tölvukunnáttu. Starfinu fylgja samskipti við nemendur, samstarfsfólk og þjónustuaðila utan skólans. Það krefst lipurðar í mannlegum samskiptum, frumkvæðis og skipulagðra og sjálfstæðra vinnubragða. Fagstjóri þarf að geta unnið sjálfstætt og eftir sýn, stefnu og markmiðum VMA.

Annað •

- Starfsmaður skal stuðla að góðri ímynd VMA og koma fram með hagsmuni nemenda, skólans og vinnustaðar að leiðarljósi.
- Starfsmaður skal gæta trúnaðar um öll þau málefni sem hann fær vitneskju um og varða starfsfólk og nemendur eftir því sem við á. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.
- Starfsmaður ber ábyrgð á að afhenda viðeigandi gögn til rekstar- og fjármálastjóra sem hafa áhrif á launasetningu starfs.
- Starfsmaður ber ábyrgð á að verkefni sem undir hann falla séu unnin af faglegum metnaði og innan settra tímamarka þannig að skólinn geti hverju sinni veitt sem besta þjónustu.

Nr.: STL-029

Útgáfa: 1

Dags.: 15.5.2025

Höfundur:

Aðstoðarskólameistari

Samþykkt: Skólameistari

Síða 3 af 3

Fagstjóri lífsleikni



Verkmenntaskólinn á Akureyri

Starfslýsing er ekki tæmandi upptalning verkefna. Fagstjóri annast önnur þau störf sem honum kunna að vera falin af yfirmanni og falla innan eðlilegs starfssviðs hans. Starfinu fylgir stundum erill og oft þarf að bregðast skjótt við, taka ákvarðanir og leysa mál innan þröngra tímamarka. Fagstjóri á að þekkja og starfa eftir stefnu skólans og gildandi lögum og reglum sem ná yfir starf hans og starfssvið.

Ráðið er í starfið til tveggja skólaára í senn og það auglýst meðal kennara innan skólans.